

Lög

um breytingu á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingum (opinber hlutafélög).

1. gr.

Við 2. mgr. 1. gr. laganna bætist tveir nýir málslíður sem orðast svo: Opinbert hlutafélag merkir í lögum þessum félag sem hið opinbera, einn eða fleiri hluthafar, á að öllu leyti, beint eða óbeint. Slíkum félögum einum er rétt og skylt að hafa orðin opinbert hlutafélag í heiti sínu eða skammstöfunina ohf. og má tengja orðin eða skammstöfunina heiti eða skammstöfun á hlutafélagi.

2. gr.

Við 1. mgr. 63. gr. laganna bætist nýr málslíður sem orðast svo: Við kjör í stjórn opinbers hlutafélags skal tryggt að í stjórninni sitji sem næst jafnmargar konur og karlar.

3. gr.

Á eftir 1. másl. 1. mgr. 67. gr. laganna kemur nýr málslíður sem orðast svo: Stjórnarmenn og framkvæmdastjórar í opinberum hlutafélögum skulu gefa stjórninni skýrslu um eign sína í félögum skipti það máli varðandi starf þeirra.

4. gr.

Við 4. mgr. 70. gr. laganna bætist nýr málslíður sem orðast svo: Starfsreglur stjórna opinberra hlutafélaga skal birta á vef félagsins ef til er en ella annars staðar á netinu.

5. gr.

Við 80. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Fulltrúum fjölmiðla er heimilt að sækja aðalfund opinbers hlutafélags. Kjörnum fulltrúum eigenda, þingmönnum ef ríkið er eigandi og viðkomandi sveitarstjórnarmönnum ef sveitarfélag er eigandi, er heimilt að sækja aðalfund með rétt til að bera fram skriflegar fyrirspurnir.

6. gr.

Við 2. mgr. 88. gr. laganna bætist nýr málslíður sem orðast svo: Í samþykktum opinbers hlutafélags skal kveðið á um að ætíð skuli boða stjórnarmenn, framkvæmdastjóra og endurskoðendur félagsins á hluthafafund, svo og fulltrúa fjölmiðla á aðalfund.

7. gr.

Við 6. mgr. 90. gr. laganna bætist nýr málslíður sem orðast svo: Fulltrúar fjölmiðla skulu í síðasta lagi fjórtán dögum eftir aðalfund eiga aðgang að fundargerðabók vegna aðalfundar opinbers hlutafélags eða staðfestu endurriti fundargerðar aðalfundar á skrifstofu félagsins.

8. gr.

Við 1. mgr. 91. gr. laganna bætist nýr málslíður sem orðast svo: Upplýsingar, sem lagðar eru fram í opinberum hlutafélögum, geta m.a. byggst á spurningum hluthafa til félagsstjórnar og framkvæmdastjóra.

9. gr.

2. mgr. 149. gr. laganna orðast svo:

Opinber hlutafélög skulu birta samþykktir félagsins á vef sínum ef til er en ella annars staðar á netinu. Jafnframt skal birta þar ársreikning, samstæðureikning og sex mánaða árs-
hlutareikning opinbers hlutafélags.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt á Alþingi 3. júní 2006.